

Alþingi  
Erindi nr. P 131/806  
komudagur 17.2.2005

Allsherjarnefnd Alþingis.

**147. mál lagafrumvarp. Áfengislög (aldursmark) - ógn við lýðheilsu ungmenna**

Sæll Bjarni!

Mér hafa áfengis og vímuvarnir verið hugleiknar frá sjónarmið Lýðheilsu um nokkurn tíma.

Þær aðgerðir sem rannsóknir hafa sýnt að skili árangri í vímuvörnum eru

1. Minnkað aðgengi  
T.d. færri útsölustaðir, hærri aldur til áfengiskaupa
2. Verð hærra verð minni neysla
3. Fræðsla hefur ekki sýnt sig hjálpa nema mjög takmarkað

Aðgerðir

stjórnvalda á liðnum árum

lækkun áfengiskaupaaldurs, innkoma bjórsins, gríðarleg aukning á síðust árum í fjölda staða með vínveitinga leyfi, hefur leitt til þess að áfengisneysla hefur aukist og er þannig orðin meir en 6 lítrar af hreinum vínanda. Jafnframt hafa líkur karla og kvenna sérstaklega aukist mjög á að verða áfengissjúklingar.

Lög sem lækka aldur til áfengiskaupa munu þannig leiða til meiri neyslu ungmenna og aukinna vandamála.

Gengur þetta þannig í berhögg við Heilbrigðisáætlun sem Alþingi hefur samþykkt

Það er því mikilli ábyrgðarluti að lagafrumvarp sem þetta skuli vera sent til umsagnar til aðeins einnar stofnunar, jafn góðra gjalda verðar og hún er og gefa einvörðung 1 dag til umsagnar.

Hvet ég til þess að áður en lengra er haldið að fá umsagnir þeir fjölmörgu aðila sem skoðað hafa þessi mál um árabil, áður en lengra er haldið.

Annars verður að hafna þessu frumvarpi sem ógn við lýðheilsu ungmenna

Virðingarfyllst,

Kristinn Tómasson, dr.med  
yfirlæknir Vinnueftirlitsins